

Sp.

63. Tillaga til þingsályktunar

[54. mál]

um eftirlitsbát á Breiðafirði.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fá hentugt skip, er annist landhelgisgæzlu við Breiðafjörð á vetrarvertíðum, eða á tímabilinu frá janúarbyrjun til miðs maímánaðar ár hvert. Jafnframt aðstoði báturinn, ef með þarf, fiskiskip, sem stunda veiðar beggja vegna Öndverðarness.

Greinargerð.

Útgerð vélskipa hefur aukizt verulega frá verstöðvum við Breiðafjörð á undanförnum árum. Gera má ráð fyrir, að um 40 fiskibátar verði gerðir út frá fjórum verstöðvum á komandi vetrarvertíð, auk þess sem nokkrir útilegubátar frá Faxaflóahöfnum sækja afla sinn á sömu mið og Breiðafjarðarbátarnir.

Það verður því að teljast full nauðsyn á því, að gæzlubátur sé að staðaldri um vetrarvertíðina á Breiðafirði og á öðrum þeim fiskislóðum, sem fiskibátar úr verstöðvum við Breiðafjörð sækja afla sinn á. Það er mikið hagsmuna- og öryggismál fyrir sjómenn og útgerðarmenn, að við Breiðafjörð sé staðsett skip, er hafi það verkefni, sem tillaga þessi greinir.

Nánar í framsögu.